

8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga

Þemu <ul style="list-style-type: none">• Söfnun, varðveisla og aðgengi gagna• Miðlun upplýsinga• Greining, mat og notkun upplýsinga	Yfirlit gæðagreinis <p>Þessi gæðagreinir tengist gagnavörslu og varðveislu upplýsinga. Hann beinir sjónum að aðferðum skólans við að afla upplýsinga og greina þær og á hvern hátt þeim er miðlað til að auðvelda starfsmönnum að bæta árangur nemenda. Gæðagreinirinn dregur fram að hvaða marki upplýsingar eru notaðar til að fylgjast með árangri nemenda.</p>
--	---

Dæmi um einkunnina 5

- Við notum árangursríkar aðferðir til að safna upplýsingum og varðveita þær með það að markmiði að efla nám og auka árangur. Upplýsingakerfi okkar veitir gagnlegar upplýsingar til að fylgjast með árangri nemenda, leggja grunn að áætlunum og setja markmið. Við höfum nægilegar ytri upplýsingar til að geta borið árangur okkar saman við árangur annarra. Við skipuleggjum gagnasöfnun til að geta brugðist við þörfum nemenda og veitum viðeigandi aðgang að upplýsingum. Aðferðir okkar við að geyma, skrá og veita upplýsingar uppfylla lagaskyldur.
- Við þekkjum reglur um miðlun upplýsinga og fylgjum þeim. Við veitum starfsfólki viðeigandi upplýsingar, svo sem um fjárhagsáætlun, mönnun, árangur, skólasókn og brottvísanir, með það að markmiði að efla árangur nemenda. Gagnavarsla okkar gerir þeim sem hlut eiga að máli kleift að nálgast þær upplýsingar sem þeir þurfa og eiga rétt á að fá, til að tryggja velferð nemenda og námsárangur. Nemendum og fjölskyldum þeirra er kunnugt um hvaða upplýsingum er safnað og hverjir gætu fengið aðgang að þeim.
- Við söfnum fjölbreyttum upplýsingum um skólastarfið. Við nýtum þær samhliða faglegu mati til að stuðla að og fylgjast með framförum nemenda, og gera þær sýnilegar, berum árangur okkar saman við annarra og greinum í hvaða átt starfið þróast. Þetta hjálpar okkur að koma auga á góðan og slakan árangur í starfi skólans til að geta veitt stuðning og boðið krefjandi nám. Við nýtum upplýsingar til að hjálpa okkur að bregðast fljótt við þar sem þörf er.

Dæmi um einkunnina 2

- Við söfnum ýmsum upplýsingum og varðveitum þær en þó vantar þar ýmis mikilvæg gögn sem þörf er á til að bæta nám og auka árangur. Kerfi okkar veitir starfsfólki að einhverju marki gagnlegar upplýsingar er nýtast við skipulag umbóta. Við nýtum sumar ytri upplýsingar til samanburðar á árangri. Skipulag gagna nýtist sumum en veitir ekki alltaf viðeigandi aðgang. Aðferðir okkar við skjalastjórnun samræmast lögum.
- Reglur um miðlun upplýsinga eru ekki fullmótaðar og við höfum ekki komist að samkomulagi um hvaða lykilupplýsingar við þurfum við gerð þróunaráætlana. Starfsfólk hefur litla eða enga þjálfun í að greina eða nota gögn við gerð þróunaráætlana. Við miðlum upplýsingum ekki nægilega meðal starfsmanna til að gefa yfirsýn um starfsemi skólans og gera okkur kleift að bæta árangur nemenda.
- Við berum saman og greinum fjölda gagna en notum upplýsingarnar ekki markvisst til að stýra og sýna fram á framfarir, mæla stöðu og greina hvert stefnir. Við erum með kerfi til að fylgjast með árangri nemenda en náum ekki alveg utan um suma nemendur, svo sem fósturbörn. Við nýtum ekki alltaf upplýsingar til að bregðast fljótt við þar sem þess er þörf.